

Siglufirði, 5. apríl 2022

Fjallabyggð  
b.t. Elíasar Péturssonar bæjarstjóra.

Erindi: Beiðni um stuðning Fjallabyggðar við að vinnsluskyldu á þorski verði aflétt af byggðakvóta á smábátum.

Ástæður þessarar beiðni er að einungis tvær litlar fiskvinnslur eru á svæðinu, utan Ramma á Siglufirði sem ekki treystir sér til að taka á móti þessum afla. Hin tvö eru fyrirtækin Sverrir Björnsson ehf á Siglugirði og S1 ehf. á Ólafsfirði. Sverrir Björnsson ehf treystir sér ekki til að greiða lágmarksverð frá Verðlagsráði. Þá háttar svo til að fyrirtækið S1 ehf kýs helst að vinna þorsk sem er undir 2 kg. Þetta mun hvetja menn til þess að sækja frekar í smáfisk.

Besta lausnin á þessu er að heimila smábátunum að landa þessum afla á uppboðsmörkuðunum. Fyrir slíkum undanþágum eru fordæmi, s.s. í Skagafirði og á Skagaströnd.

Undirritaður fer þess hér með á leit við Fjallabyggð að hún styðji þá kröfu að svokallaðri vinnsluskyldu verði aflétt af þeim smábátum sem fá úthlutað byggðakvóta á svæðinu.

Með von um stuðning við erindið.

Virðingarfyllst,

f.h. Elva Björg ehf. Sverrir S. Ólason

Ragnar Karlsson	Júlia SI-62
Frimmenn Ingólfsson	Þröstur ÖF42
Ólafur Ólafsson	ANNA ÖF 83
ASAU FRIMANSSON	Blótari ÖF 70
Ríkhildur Þorláksson	Magnús Jón ÖF 14
Gunnlaugur Oddsson	Þára SI-86
Freyr S. Gunnlaugsson ou	Oddverji SI-76 Oddar á nesi
Yigundur Oddsson	Lukka ÖF-57
Heraldur Heiðmann 2011	Petra ÖF